

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1958.

Nr. 21/1958. **Bæjarstjórinn í Siglufjarðarkaupstað f. h. kaupstaðarins** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Ármani Jakobssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Hrundið kröfu um þóknun til undirkjörstjórnarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1958 og krafizt aðallega, að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 1200.00 án vaxta. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Um langan aldur hefur viðtaka við nefnu til undirkjörstjórnarstarfa við kosningar til Alþingis verið þegnkvöð, sbr. nú 12. gr. laga nr. 80/1942. Lög hafa almennt kveðið á um greiðslu ýmiss kostnaðar af kosningunum, en látið þóknunar fyrir starfa undirkjörstjórnarmanna eigi getið, sjá 16. gr. tsk. 8. marz 1843, 3. gr. opbr. 6. júlí 1848, 38. gr. laga nr. 16/1877, 57. gr. laga nr. 18/1903, 56. gr. laga nr. 28/1915, sbr. þó 77. gr. sömu laga, 145. gr. laga nr. 18/1934 og nú 145. gr. laga nr. 80/1942. Þögn laganna um þóknun til undirkjörstjórnarmanna hefur verið skilin í framkvæmd þannig,

að eigi væri um að tefla lögvarða kröfu til þóknunar fyrir starfann. Með skírskotun til þessarar lögvenju og svo til þess, að starfinn er eigi svo tímafrekur, að krafa til launa fyrir hann sé varin af 67. gr. stjórnarskrárinnar, verða kröfur stefnda í málinu eigi til greina teknar.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórinn í Siglufjarðarkaupstað f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ármanns Jakobssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 28. desember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m. og eftir upptöku þess aftur 21. þ. m., hefur Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, hér í bænnum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september s.l., gegn bæjarstjóranum í Siglufirði f. h. Siglufjarðarkaupstaðar til greiðslu kaups til undirkjörstjórnar fyrir störf við alþingiskosningar 24. júní 1956, kr. 3300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. Til vara krefst hann sýknu gegn greiðslu á kr. 1200.00 og krefst málskostnaðar sér til handa og til þrautavara lækkunar á stefnukröfunni að mati dómara og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í febrúar 1956 voru þeir Jóhann Jóhannsson skólastjóri, Kristján Sigtryggsson húsgagnasmiður og Sigurður Njálsson skrifstofustjóri, allir héðan úr bænnum, kosnir sem aðalmenn í undirkjörstjórn hér og sem varamenn Hjörleifur Magnússon fulltrúi, Benedikt Sigurðsson kennari og Stefán Friðbjarnarson skrifstofumaður, einnig héðan. Við kosningar til Alþingis 24. júní 1956 sátu fyrrnefndir aðalmenn í undirkjörstjórn, en tveir þeirra voru öðru hvoru leystir frá störfum af varamönnum.

Stefnandi telur, að nefndin hafi setið á fundum $25\frac{1}{4}$ tíma eða $75\frac{3}{4}$ tíma fyrir þrjá menn, en launa krefjast kjörstjórnarmennirnir fyrir samtals 60 tíma starf, kr. 55.00 á tímann. Hinn 9. september s.l. hafa kjörstjórnarmennirnir framselt stefnanda kröfur sínar.

Svo sem áður getur, var kjördagur á sunnudegi, og segir stefnandi, að undirkjörstjórnarmennirnir hafa miðað kaupkröfur sínar við helgidagakaup lögregluþjóna bæjarins, en þá var helgidagakaup þeirra kr. 51,26 á tímann, nema hjá varðstjóra kr. 64,08 á tímann. Þá segir hann dyraverði á kjörstað hafa haft kr. 36,56 á tímann auk orlofsfjár. Segir hann, að með tilliti til þessara kaupgreiðslna telji undirkjörstjórnarmennirnir kröfur sínar reistar á fullri sanngirni. Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð bæjargjaldkerans hér, er sýnir, að kjörstjórn mönnum hafa verið greidd laun fyrir störf þeirra á undanförunum árum. Samkvæmt þessu vottorði fékk hver maður í undirkjörstjórn kr. 581.12 árið 1952, árið 1953 fékk einn maður kr. 730,00, en tveir kr. 500,00 hvor og árið 1954 fékk hver maður í yfirkjörstjórn kr. 500,00. Segir stefnandi, að launin 1953 hafi verið greidd eftir reikningi undirkjörstjórnarmanna.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að það sé borgaraleg skylda að taka sæti í undirkjörstjórn og sé því skyldustarf, sem leysa beri af hendi án þóknunar. Telur hann fráleitt að greiða þóknun fyrir slík skyldustörf. Þessum skilningi á borgaralegri skyldu hefur stefnandi mótmælt. Til að forðast illdeilur, kveður stefndi bæjarstjórn Siglufjarðar hafa boðið undirkjörstjórnarmönnum kr. 1200,00 alls (kr. 400,00 til hvers), og er það varakrafa hans að vera sýknaður gegn greiðslu á þeirri fjárhæð. Telur hann kjörstjórnarmennina aldrei geta átt rétt á hærri þóknun, jafnvel þótt svo yrði litið á, að þeir ættu rétt á einhverri þóknun fyrir starfa sinn. Hann tók það fram, að þrátt fyrir þetta boð og þrátt fyrir það, að bæjarsjóður hafi greitt undirkjörstjórnarmönnum þóknun fyrir störf þeirra við kosningar 1952, 1953 og 1954, hafi hann ekki viðurkennt skyldu sína til að greiða kjörstjórnnum laun og benti á, að yfirkjörstjórn hafi ekki fengið nein laun fyrir störf við kosningar 1952 og 1953. Reikningur undirkjörstjórnarmanna fyrir störf við kosningar á árinu 1954 (bæjarstjórnarkosningar) hafi einungis verið greiddur vegna þess að jafnframt bæjarstjórnarkosningum hafi farið fram kosning um það, hvort loka skyldi útsölu áfengisverzlunar ríkisins hér og starf undirkjörstjórnar hafi því orðið meira en ella.

Segir stefndi, að yfirleitt hafi hvergi tíðkæpt að greiða undir-
kjörstjórnarmönnum laun. Lagði hann fram vottorð frá nokkrum
bæjarstjórum um þetta efni. Fyrir utan Siglufjörð virðist
aðeins einn kaupstaður hafa greitt þóknun fyrir þetta starf,
Akureyrarkaupstaður.

Um undirkjörstjórnir segir í 2. tl. 145. gr. laga um kosningar
til Alþingis, að hreppsjóðir eða bæjarsjóðir greiði framlagðan
nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjör-
gögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láti í té. Ræða lögin
það ekki, hvort þeim mönnum, sem sitja í undirkjörstjórn, skuli
greidd þóknun fyrir störf við kosningar eða eigi, enda verður
vart talið, að þóknun til undirkjörstjórnarmanna geti fallið undir
„framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna“.
Hins vegar verður heldur eigi hægt að telja, að þögn laganna
um þetta atriði skuli skýrð á þann veg, að kjörstjórnir skuli
vinna störf sín án þóknunar. Ákvæðin í 145. gr. kosningalaga
nr. 80/1942 eru tekin óbreytt úr eldri kosningalögum (lög nr.
18/1934). Þegar þau lög voru sett, sagði framsögumaður fyrir
frumvarpinu, að það væri látið óákveðið, hvort kjörstjórnir
fengu laun fyrir ómak sitt. Verður með hliðsjón af þessu að
telja, að lögin taki ekki afstöðu til þess, hvort kjörstjórnnum
skuli greidd laun fyrir störf við kosningar og að við úrlausn
máls þessa verði að fara eftir venju og almennum reglum um
launagreiðslur fyrir störf, sem borgaraleg skylda er að vinna.

Lagaákvæði um borgaraskyldu eiga fyrst og fremst að tryggja,
að góðir menn fái til starfa, er almenningsþörf heimtar, að
unnin séu, en yfirleitt ekki jafnframt að tryggja, að störf þessi
séu unnin án þóknunar. Virðist það aðalregla samkvæmt íslenskum
lögum, að störf, sem borgaraleg skylda er að vinna, eru
launuð, ef starfið tekur nokkurn tíma að ráði eða ef þeim fylgir
einhver sérstök ábyrgð.

Með skírskotun til þessa og með tilliti til þess, að undirkjör-
stjórnarmönnum hér hefur verið greidd þóknun fyrir störf við
kosningar árin 1952, 1953 og 1954, verður að telja þá eiga rétt
til launa við störf við kosningar 1956. Með framlagningu út-
drátta úr gerðabók undirkjörstjórnar og öðrum gögnum hefur
stefnandi sannað, að undirkjörstjórn hefur setið á fundum allt
að 25 tímum, en þessum skjölum hefur stefnandi ekki mótmælt.

Með hliðsjón af greiðslum fyrir helgidagavinnu almenni verður
að telja, að tímakaup það, sem undirkjörstjórnarmennirnir
reikna sér, sé ekki ósanngjarnt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 3.300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags.

Þá ber að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 650.00.

Ófeigur Eiríksson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Siglufirði f. h. Siglufjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Ármanni Jakobssyni héraðsdómslögmanni, Siglufirði, kr. 3300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags og kr. 650,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 18. nóvember 1958.

Nr. 72/1958. **Hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sveini Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinnson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Mál til heimtu útsvars og annarra gjalda til hreppsfélags.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19.592.00, auk dráttarvaxta samkvæmt útsvarslögum og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Leitt er í ljós, að stefndi á íbúð að Grenimel 1 í Reykjavík. Þar dvaldist fjölskylda hans og einnig hann sjálfur, þeg-